

Urðun úrgangs frá höfuðborgarsvæðinu: Gjörbylting á næstu árum

Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á suðvesturhorni landsins er gert ráð fyrir að urðun á öllum lífrænum og brennanlegum úrgangi í Álfsnesi verði hætt fyrir árið 2020. Það mun minnka urðunarpörfina um 70.000 tonn á ári en urðað magn þar í dag er um 120.000 tonn. Þá yrði aðeins urðaður þar óvirkur úrgangur, lyktarlaus með öllu. Strax á næstu árum verður gripið til aðgerða sem draga stórlega úr urðun lífræns úrgangs þannig að jákvæðra áhrifa af þessu er að vænta strax á næstu misserum.

Skv. áætluninni er gert ráð fyrir að 1. áfangi samþættrar gas- og jarðgerðarstöðvar verði tekinn í notkun á árunum 2011-2013. Sú stöð á að anna 30.000 tonnum af lífrænum úrgangi. Einnig er gert ráð fyrir að skoða framleiðslu á s.k. brenni. Að lokum er gert ráð fyrir að brennslustöð verði reist til að ná síðasta hluta lífræns og brennanlegs úrgangs þannig að markmiðum verði náð. Augljóslega verður stærð slíkrar brennslu ákvörðuð í ljósi reynslu af efnisendurvinnslu, gas- og jarðgerðarstöð, framleiðslu á brenni og raunverulegri þörf fyrir brennslustöð.

Þáttaskil mörkuð

Endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sveitarfélaga frá Gilsfjarðarbotni í vestri að Markarfljóti í austri hófst síðla árs 2007 og var gengið frá drögum að endurskoðun hennar í janúar 2009. Áætlunin fellur undir lög um umhverfismat og er hún því í lögboðnu ferli hvað það varðar. Sérstakur hópur á vegum stjórnar SORPU bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. hefur unnið að málinu og má fullyrða að tillögur hans marki þáttaskil.

Það er mat skýrsluhöfunda að með samstilltum aðgerðum megi ná verulegum árangri í því að auka endurnýtingu og draga úr urðun úrgangs. Jafnframt er áhersla lögð á að mestri hagkvæmni megi ná í þessu starfi með því að sorpsamlögin starfi náíð saman að aðgerðum.

Dregið úr urðun

Helstu tillögur verkefnisstjórnar um aðgerðir næstu ár eru þessar:

- Umflokunar- og umhleðslustöðvar verði byggðar
- Gasgerðarstöðvar reistar, fyrst í Álfsnesi á þessu ári
- Jarðgerðarstöðvar byggðar á fjórum stöðum
- Könnuð verður hagkvæmni þess að framleiða brenni til orkuframleiðslu
- Jarðvegstippum breytt í vinnslusvæði fyrir nýtanleg jarðefni
- Sveitarfélög leiti leiða til að hafa áhrif á magn úrgangs
- Unnið að samræmingu samþykta, gjaldtöku, fyrirkomulag sorphirðu o.fl.
- Stofnuð verði sérstök samstarfsnefnd vegna svæðisáætlunarinnar

Tillögur verkefnisstjórnar að endurskoðaðri áætlun ásamt umhverfismatsskýrslu er að finna á vefsíðunni www.samlausn.is